

Yfirskrift	Fundargerð stjórnarfundar FFR				
Stjórnarfundur nr. 6 2017	6	Dagsetning	23. maí 2017	Tími	11:30 – 13:00
Fundarstaður	Ríkiskaup				
Fundarstjóri	BK				
Ritari	ISS				
Mættir (fjarverandi)	BK, ISS, HÓS, MH, KLÁ, (BE, EB) og Guðrún Ragnarsdóttir				
Fylgiskjöl	Fundargerð stjórnar FFR 11. apríl 2017 Drög að dagskrá aðalfundar og tillaga varðandi lagabreytingar				
Vistun gagna	ISS				

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar, sem ISS ritaði, var samþykkt.

2. Uppstillingarnefnd

BK greindi frá því að uppstillingarnefnd hafi lokið störfum og og muni kynna nýja stjórn, varastjórn, starfskjaranefnd og endurskoðendur á aðalfundi félagsins.

3. Undirbúningur fyrir aðalfund

BK lagði fram endurskoðaða tillögu að dagskrá fyrir aðalfund. Fundurinn verður 31. maí á Hilton Reykjavík Nordica að Suðurlandsbraut 2 og fundarstjóri verður Halldóra Vífilisdóttir. Boðið verður upp á fisk dagsins, sem hver og einn greiðir fyrir sig. Skýrsla stjórnar og skýrsla starfskjaranefndar eru að mestu tilbúnar og reikningar liggja fyrir, en endurskoðendur eiga eftir að fara yfir þá. HÓS kynnir reikninga í fjarveru KLÁ. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á árgjaldi. Einnig verða lagðar fram fimm tillögur frá stjórn vegna breytinga á lögum um Kjararáð og var farið yfir texta þeirra. BK ítrekar fundarboð og að þátttakendur tilkynni sig með pósti á ffr@ffr.is.

4. Kynning á starfsumhverfi á aðalfundi

Guðrún Ragnarsdóttir hjá Strategíu fór yfir sitt erindi og glærur um breytingar á lögum um Kjararáð, nýtt launakerfi og innleiðingu þess næstu árin, en hún mun á aðalfundinum fjalla um þá vinnu sem unnin hefur verið í samstarfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Kjara- og mannauðssýslu ríkisins og Félags forstöðumanna ríkisstofnana.

5. Önnur mál

BK sagði frá því að í dag hafi verið lagt fram á Alþingi nýtt frumvarp um breytingu á lögum um Kjararáð, þar sem gildistöku nýrrar launasetningar er frestað til 1. janúar 2018. Þetta þarf að skoða nánar.